

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 2
220 Hafnarfjörður


Reykjavík 29. ágúst 2013.

Árshlutauppgjör SORPU bs. fyrstu sex mánuði ársins 2013

Meðfylgjandi er árshlutauppgjör SORPU fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2013. Helstu niðurstöður eru hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld upp á 27 milljónir samanborið við tæplega 16 milljón króna tap á sama tíma fyrir ári. Hagnaður tímabilsins er 16 milljónir samanborið við tap upp á 26 milljónir fyrir sama tímabil fyrir ári.

Launakostnaður hækkar um 8,4% frá sama tíma fyrir ári en það á sér margvíslegar skýringar. Stærsta breytingin er vegna breytts fyrirkomulags í Góða hirðinum en þar vinna nú sex fleiri starfsmenn að jafnaði en fyrir ári. Dagvinnutímum fjölgaði en yfirtíð lækkar. Taxtar starfsfólks sem allt er í VR voru einnig uppfærðir. Vinnutímaskerðing vegna hrunsins var tekin til baka í maí 2012 og er því launakostnaður skrifstofufólks ekki sambærilegur milli tímabila. Vegna fæðingarorlofs starfsmanns á skrifstofu þurfti afleysingu auk þess sem árið 2013 var nauðsynlegt að ráða tvo afleysingastarfsmenn í stað eins áður. Vegna aukinna umsvifa í gasvinnslu og breytinga á fyrirkomulagi í Álfsnesi var ráðinn verkfræðingur til að hafa umsjón með gasvinnslu samhliða verkstjóra. Laun og launatengd gjöld hafa því hækkað um 5,5% milli tímabila. Helstu aðrir útgjaldaliðir sem hækka milli ára er rekstur Góða hirðisins og móttöku og urðunarkostnaður. Rekstur Góða hirðisins hefur engin íþyngjandi áhrif á annan rekstur SORPU. Breytingar á móttöku og urðunarkostnaði eru til komnar vegna samningsbundinna hækkana við verktaka auk þess sem lyktarvarnir í Álfsnesi kosta drjúgt. Útgjöld hækkuðu í heild um 2,3% frá sama tíma fyrir ári.


Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson
Framkvæmdastjóri

Samrit:

Borgarráð Reykjavíkur
Bæjarráð Hafnarfjarðar
Bæjarráð Garðabæjar
Bæjarráð Kópavogs
Bæjarráð Mosfellsbæjar
Bæjarstjórn Seltjarnarness

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	2. 9. 2013
Málsnr:	130 9034
Bréfal:	380.2